



Umhverfis- og skipulagssvið  
Borgartúni 12-14  
105 Reykjavík

Reykjavík 5.júní 2026  
HER-202605-7898

**Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 556/2026 í skipulagsgátt, Spöngin - USK25100240. Skipulagslýsing.**

Vísað er til máls nr. 657/2024 í skipulagsgátt, nr. 556/2026 í skipulagsgátt, Spöngin - USK25100240. Skipulagslýsing. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn

HER vill byrja á að gagnrýna að loftgæði séu ekki meðal þeirra umhverfisþátta sem skipulagslýsingin tilgreinir að eigi að meta. Umtalsverð umferð er um Borgarveg og geta loftgæði því verið áskorun fyrir byggð sem yrði staðsett nálægt honum. Það þarf því að gera grein fyrir þessum umhverfisþætti í mati í deiliskipulagsvinnunni.

HER vill einnig árétta að sé fyrirhugað að koma fyrir blágrænum ofanvatnslausnum á deiliskipulagssvæðinu er nauðsynlegt að skoða þær í samhengi við slíkar lausnir og aðrar ofanvatnslausnir á nærliggjandi svæðum. Að öðrum kosti er ekki unnt að tryggja að flæði ofanvatns um og í gegnum deiliskipulagssvæðið sé með fullnægjandi hætti.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir  
Verkefnastjóri